



MINNISBLAÐ

Dagsetning: 26. júní 2025

Höfundur: Aldís Erna Pálsdóttir

Viðtakandi: Áhugafolk um rjúpnarannsóknir

Málsnúmer: 202501-0106

Efni: Rjúpnatalningar 2025


Rjúpnatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar vorið 2025 er lokið og voru rjúpur taldar á 22 vegsniðum í öllum landshlutum. Tiltölulega snemma varð snjólaust í flestum landshlutum og skilyrði til talninga góð. Alls sáust 2325 karrar. Talningarnar voru unnar í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Norðvesturlands, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrustofu Austfjarða, Vatnajökulsþjóðgarð, Skotvís og áhugamenn um rjúpur.

Talningar sýndu nokkrar breytingar á fjölda rjúpna samanborið við árið 2024 en leitnin var ólík eftir landshlutum. Á Vestfjörðum, Norðvesturlandi og Suðurlandi sýndu talningar svipaðan fjölda og síðustu ár, og á Austurlandi var fækkun frá því í fyrra. Á Vesturlandi og Norðausturlandi var talsverð aukning frá því árið 2024, og á vissum sniðum s.s. á Mýrunum og í Bakkafirði var fjöldi rjúpna sá hæsti sem sést hefur frá því talningar hófust.

Stofnbreytingar rjúpu 2024 til 2025 voru ólíkar eftir svæðum og landshlutum. Í heildina sáust um 28% fleiri rjúpur í ár heldur en í fyrra, en langstærsta hluta þeirrar aukningar má rekja til mikils fjölda á Norðaustur- og Vesturlandi. Færri rjúpur sáust á Austurlandi og Norðvesturlandi en árið 2024. Miðað við stofnvísitölur úr talningum síðustu 20 er rjúpnastofninn undir meðaltali á Austurlandi, í kringum meðaltal á Norðvesturlandi og Suðurlandi, og yfir meðaltali á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðausturlandi. Talið er líklegt að hár þéttleiki rjúpna á vissum svæðum tengist fækkun fálka (sjá: [Mikil fækkun fálka!](#)).

Miðað við fyrirbyggjandi gögn, sem ná aftur til seinni hluta 19. aldar, er hefðbundin lengd stofnsveiflu íslensku rjúpunnar 10–12 ár en frávik eru tíð. Skipulagðar rjúpnatalningar hófust 1963 og þær sýna að stofninn var í hámarki um allt land vorið 1966, en enginn merkjanlegur toppur var á 8. áratugnum. Aftur voru greinilegir toppar á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Í kjölfar friðunar rjúpu 2003 og 2004 óx stofninn og var hámark á Norðausturlandi vorið 2005 og svo aftur 2010, 2015, 2019 og að því er virðist nú í ár (1. mynd). Stofnbreytingar í öðrum landshlutum hafa verið óreglulegri. Þessar breytingar á lengd stofnsveiflunnar sýna að rötækar breytingar hafa orðið á stofnvistfræði rjúpunnar eftir 2003 og stofnsveiflan líkt og við þekktum hana er ekki lengur til staðar, hvað sem síðar verður. Aðrir mikilvægir þættir í árlegri vöktun rjúpnastofnsins eru mælingar á aldurshlutföllum í veiði- og varpstofni. Búið er að safna þeim aldurshlutföllum og verða niðurstöður kynntar á næstunni. Samhliða því verða niðurstöður líkans kynntar sem segir til um lengd veiðitímabils í hverjum landshluta. Við þá útreikninga er notast við karratalningar sem hér um ræðir, ásamt aldurshlutföllum í stofni að hausti og vetri, sem gefa til kynna hver er lifun ungfugla og fullorðinna yfir árið.

Hægt er að skoða gagnaraðir úr vöktun rjúpunnar á vefslóðinni: <https://www.ni.is/is/rannsoknir/voktun-og-rannsoknir/voktun-rjupnastofnsins> Nánari upplýsingar veitir Aldís Erna Pálsdóttir, aldis.e.palsdottir@natt.is.



1. mynd. Stöðluð gildi úr niðurstöðum karratalninga á nokkrum vegsniðum í mismunandi landshlutum 1999–2025.